

BREYTINGARTILLAGA
um breytingu á reglum um úthlutun á lóðum
fyrir íbúðar- og atvinnuhúsneði hjá Stykkishólmsbæ

Bæjarstjóri leggur til að 2. málslíður greinar 1.4. orðast með eftirfarandi hætti:

Á þegar byggðum svæðum, þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, er leyfilegt að úthluta lóðum fyrir byggingar ef þær eru í samræmi við gildandi Aðalskipulag Stykkishólmsbæjar er varðar landnotkun, byggðarmynstur og þéttleika byggðar, enda liggi fyrir að lóðirnar hafi að öðru leyti verið auglýstar lausar til úthlutunar í samræmi við grein 1.1 eftir því sem við á.

4. júní 2020,

Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri